

MERKJAKERFI GLÍMUDÓMARA

Meðdómarar skulu nota eftirfarandi merkjakerfi til að upplýsa yfirdómara um afstöðu sína.



- 01 BYLTA.
01.1 ANNAR FELLUR: Bendir öðrum vísifingri í gólf með framréttum handlegg (135°/225°), aðrir fingur krepptir.



- 01.2 BRÆÐRABYLTA: Benda báðum vísifingrum í gólf með framréttum handleggjum (135°/225°), aðrir fingur krepptir.



- 02 EKKI BYLTA.
Heldur öðrum handlegg að síðu (ópvingað), beygir um olnboga (90°/270°), krepptir hnefa og bendir þumalfingri upp.



- 03 VEIT EKKI / SÁ EKKI.
Báðir handleggir beint fram, lófar opnir og vísa upp.



- 04 GULT SPJALD.
Heldur öðrum handlegg beinum fram (90°/270°) með krepptum hnefa.



- 05 RAUTT SPJALD.
Heldur báðum handleggjum beinum fram ($90^\circ/270^\circ$) með krepptum hnefum.



- 06 NÍÐ.
Heldur öðrum handlegg að síðu, beygir um olnboga ($90^\circ/270^\circ$) með opnum lófa. Krepptur hnefi hinnar handar lagður með léttu höggi í lófann.



- 07 TOG.
Heldur handlegg að síðu og beygir um olnboga ($90^\circ/270^\circ$) með krepptum hnefa.



- 08 BOL.
08.1 ANNAR BOLAR: öðrum handlegg beint fram og niður ($135^\circ/225^\circ$), framhandleggur beygður um olnboga með opnum lófa og fingurgómar vísa beint upp, fingur hinnar handar beygðir um hnúa og fingurgómar settir í gagnstæðan lófa.



- 08.2 BÁÐIR BOLA: báðum handleggjum beint fram og niður, ($135^\circ/225^\circ$) framhandleggir beygðir um olnboga í upprétta stöðu, fingur beggja handa beygðir um hnúa og fingurgómar mætast (í hökuhæð).



09 AÐ STANDA SKAKKUR EÐA BEITA ÖXL.

09.1 BÁÐIR SKAKKIR: báðum handleggjum beint fram og niður ($135^\circ/225^\circ$), framhandleggir beygðir um olnboga í upprétta stöðu, heldur lófum opnum og lætur hendur mætast með hallandi hreyfingu inná við, býr til táknmyndina "X" með því að leggja efstu kjúku litla fingurs annarar handar þvera á hlið efstu kjúku vísifingurs hinnar handar, báðir lófar opnir.



09.2 ANNAR SKAKKUR: Öðrum handlegg beint fram og niður ($135^\circ/225^\circ$) og beygður um olnboga, framhaldlegg haldið í uppréttri stöðu með opinn lófa meðan jarki hinnar handar er settur skáhallt á utanverða efstu kjúku vísifingurs, báðir lófar opnir.



09.3 ÖXL BEITT: Lófi annarar handar lagður á gagnstæða öxl.



10 TÖKUM SLEPPT.

Lyftir handlegg í upprétta stöðu með opnum lófa, hreyfir alla fingur (eins og leikið sé á hljómborð).



11 BÆTA STÍGANDI.

Setur fram beinan vinstri handlegg í brjósthæð og gerir stóra hringhreyfingu frá vinstri til hægri með flötum lófa.



- 12 RÖNG STÍGANDI.
Setur fram beinan hægri handlegg í brjósthæð og gerir stóra hringhreyfingu frá hægri til vinstri með flötum lófa.



- 13 KEMMT AÐ MEÐ FÓTUM
Setur flatan lófa milli hjáa sér og klemmir að.



- 14 BRAGÐ TEKID MEÐ HÖGGI.
Lyftir hægri eða vinstri fæti eftir því sem við á, beygir um hné og leggur flatan lófa á ökkla utanverðan.



- 15 HNÉSBÓTARKRÓKUR.
Fæti lyft með bognu hné, hendi bendir í hnésbót.



- 16 AÐ ÞYNGJA SIG NIÐUR.
Lætur heykjast í hnjám, hefur handleggjum niður með síðum og kreppir hnefa.



- 17 FALL Á HNÉ.
Setur lófa á hné.



- 18 ATHUGASEMD TIL YFIRDÓMARA.
Lyftir handlegg á loft og gefur merki með vísifingri, aðrir fingur krepptir.



- 19 YFIRDÓMARI ÓSKAR SKÝRINGA.
Réttir fram beinan vinstri handlegg og bendir vísifingri á viðkomandi meðdómara, aðrir fingur krepptir, lyftir hægri handlegg til hliðar í axlarhæð, beygir um olnboga, hendi og fingur vísa beint upp, lætur fingurgóma þumalfingurs og löngutangar mætast og mynda "0"



- 20 STIGIÐ ÚT FYRIR MARKALÍNU.
Réttir beinan handlegg út til hliðar og niður ($135^{\circ}/225^{\circ}$), opinn lófi vísar inn á glímuvöll og handarjarki á markalínu.

21 AÐGREINING GLÍMUMANNA.

Viðfangsmenn skal greina í sundur miðað við frá hvorri hlið glímuvallar þeir ganga inn á miðju og hvort þeir eru til hægri eða vinstri handar yfirdómara í upphafsstöðu. Meðdómarar nota merki í samræmi við þetta.



21.1 ANNAR: Óski yfirdómari skýringa á við hvorn glímumann átt er skal meðdómari rétta handlegg til hliðar beint út frá öxl, með opinn lófa niður, til þeirrar hliðar sem glímumaðurinn snýr við yfirdómara.



21.2 BÁÐIR: Meðdómari réttir báða handleggi til hliðar beint út frá öxlum, með opna lófa niður.

ATH.: Lægri gráðutala (°) á við hægri handlegg.